

um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað málið og rætt efni þess á tveim fundum. Á öðrum fundinum mætti landbúnaðarráðherra og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna og veitti upplýsingar málinu til skýringar. Þá var og leitað til Búnaðarbanka Íslands varðandi tölu bænda, sem um lán hefðu sótt, og reyndist hún vera um 1300. Frumvarpið var einnig sent Stéttarsambandi bænda til umsagnar.

Nefndin var í heild sammála um markmið það, sem frumvarpið stefnir að, sem er að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Telur meiri hluti nefndarinnar, að með frumvarpinu og aðgerðum hins opinbera í framhaldi af þessari löggjöf verði þeim tilgangi náð. Minni hluti nefndarinnar, þeir LJós og og SkG, telur frumvarpið hins vegar ófullnægjandi, og munu þeir skila séráliti.

Megingagnrýni minni hlutans beinist að eftirfarandi atriðum:

- 1) Seðlabankinn eða aðrar lánastofnanir séu ekki skyldaðar með lögum til þess að taka við hinum nýja flokki bankavaxtabréfa sem greiðslum.
- 2) Lánin verði ekki veitt gegn veði í vélum eða tækjum.
- 3) Ekki sé gert ráð fyrir lánnum til vinnslustöðva landbúnaðarins.
- 4) Af landbúnaðarlánnum verði reiknaðir hærri vextir en af lánnum til sjávarútvegsins.

Skoðanir meiri hlutans á þessum athugasemdum eru þessar:

1) Engar upplýsingar liggja fyrir um það, hversu hárrí upphæð heildarlán til landbúnaðarins muni nema samkvæmt áðurgreindum umsóknum, sökum þess að mörgum þeirra fylgja mjög takmarkaðar og ófullnægjandi upplýsingar, svo að drjúglangan tíma getur tekið að vinna úr þeim og afla fyllri gagna, áður en hægt verður að telja saman heildarupphæð lánanna. Virðist það eitt út af fyrir sig fráleitt að ætla að skylda einhverjar lánastofnanir til þess samkvæmt lögum að veita algerlega ótiltekin lán. Þá er það og mikið álitamál, hvort það sé ekki almennt hæpin leið og sérstaklega vegna hagsmuna lántakenda að þvinga lánastofnun til þess að breyta stuttum lánnum einhverrar atvinnugreinar eða ákveðins hóps einstaklinga í löng lán, því að vera kann, að slíkar aðgerðir mundu framvegis valda tregðu lánastofnana til þess að veita viðkomandi aðilum stutt lán, t. d. víxillán, sem oft geta þó verið þeim nauðsynleg. — Til viðbótar þessu má geta þess, að landbúnaðarráðherra upplýsti á fundi nefndarinnar, að allir ríkisbankarnir hefðu lofað að taka við þessum bankavaxtabréfum og að ríkisstjórnin mundi, þegar heildaryfirsýn fengist um málið og í ljós kæmi, hver upphæð þeirra yrði, stuðla að því, að bændur gætu losnað við bréfin til lánastofnana, svo að lánabreytingin kæmi þeim sem fyrst að sem beztu gagni.

2—3) Varðandi báða þessa liði gat landbúnaðarráðherra þess, að ríkisstjórnin hefði í undirbúningi öflun fjár til sjóða Búnaðarbankans, sem tilætlunin væri að gerði þeim fært að lána bæði gegn veði í nýjum og nýlegum vélum og sömuleiðis til vinnslufyrirtækja landbúnaðarins gegn veðhæfum eignum.

4) Um vaxtakjörin er það að segja, að ef frumvarp þetta nær fram að ganga, munu vaxtakjör landbúnaðarins sízt verða lakari en vaxtakjör sjávarútvegsins, því að vextir þessir munu að verulegu leyti ganga inn í verðlagsgrundvöll landbúnaðar-afurða og bændur fá þá bættu í afurðaverðinu sjálfu.

Meiri hluti fjárhagsnefndar telur, að frumvarp þetta muni því geta náð tilgangi sínum um að breyta þungbærum lausaskuldum bænda í föst lán og þannig geta orðið þeim til hagsbóta. Það er því tillaga meiri hlutans, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. nóv. 1961.

Birgir Kjaran,  
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,  
fundaskr.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.